


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Áfangagheiti MYNL2SK05 Námsáætlun haust 2016	
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennarar	Arna Valsdóttir Helga Björg Jónasardóttir	AVA HBJ	Viðtalstímar Þriðjudagar kl. 11:25-12:05 Miðvikudagar kl. 11:20-12:00
-----------------	--	--------------------------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum er unnið með hugtökin rými, tvívídd, þrívídd, ljós, skuggi og myndbygging auk annarra hugtaka sem tengjast skúlptúrum og þrívíðum verkum. Leitast verður við að kynna nemandanum fjölbreytta þrívíða vinnu og að hann skoði hvemig koma má tvívíðum skissum í þrívítt form. Unnið verður með ýmis efni s.s., pappír, leir, gifs, vír, gam, ullarflóka, léreft o.fl. Nemandinn heldur utan um skissur, hugmyndir, prufur og þróunarvinnu sína og setur fram með skipulögðum hætti. Auk þessa vinna nemendur rannsóknarverkefni í hópum sem þeir kynna fyrir samnemendum sínum.



Markmið:

Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugtökum s.s. þrívídd, skúlplúr, lágmynd, myndbygging og rými
- eigin vinnuferli frá hugmynd að fullunnu verki
- grunnaðferðum afsteyputækni
- þrívíðri myndlist í nærumhverfinu og þekki höfunda hennar
- ýmsum stefnum og stílbrigðum í þrívíðri myndlist
- helstu efnum og aðferðum í gerð þrívíðra myndverka

Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- móta verk í þrívídd með mismunandi aðferðum
- vinna þrívítt út frá tvívíðum skissum
- beita mismunandi aðferðum og tækni í tilraunum og skissugerð
- meðhöndla efni og verkfæri til þrívíðrar myndsköpunar
- þróa þrívíð verk út frá eigin hugmyndum og tilraunum
- beita aðferðum sem nýtast í hugmyndavinnu, framsetningu verkefna og skipulagningu á verkferli og útfærslu verka sinna




Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ræða um og rökstyðja þær hugmyndir sem hann túlkar í verkum sínum
- velja efni við hæfi til úrvinnslu þrívíðra verka
- sýna áráðni og frumkvæði við útfærslu í þrívíðri vinnu
- nýta sér sköpun, ímyndunarafl, innsæi og tilfinningar við þróun hugmynda, skissuvinnu og úrvinnslu
- fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gera grein fyrir forsendum
- greina áherslur og stílbrigði merkingar í rýmis- og efnisnotkun þekktra listamanna

Námsgögn:

Nemendur þurfa að hafa skissubók og/eða möppu til að halda utan um skissur, minnisþunkta, tilraunir, og hugmyndavinnu. Ef nemendur vilja nota eitthvað sértækt efni við útfærslu verka sinna þá þurfa þeir að skaffa það sjálfir. Athugið að myndavél er mjög gagnleg til skrásetningar tilrauna og nemendur skulu skila ljósmyndum af verkum sínum í lok annar. Ítarefni frá kennara s.s. ljósrit, listaverkabækur/-blöð og ljósmyndir og rafrænt efni

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Áfangaheiti MYNL2SK05	
	Námsáætlun haust 2016	

Áætlun um yfirferð:

Vika 33-36	Lota 1 MÓTUN	Þrívídd – kynning á áfanganum, grunnformin færð úr tvívídd í þrívídd. Mótun í leir og þrívíðar tilraunir með ýmis efni og aðferðir. Hugtökin grunnform, tvívídd, þrívídd, myndbygging, rými o.fl. skoðuð.
Vika 36-39	Lota 2 MÓTAGERÐ	Mótun í leir og tilraunir með mótagerð og afsteypu. Gifs, pappmassi, límgrisjur og steypa. Rannsóknarverkefni, nemendur afla sér þekkingar um listamenn og kynna þá fyrir samnemendum.
Vika 39-42	Lota 3 VEGGVERK	Lágmynd úr einu eða fleiri efnum – nemendur vinni með myndbyggingu, dýpt, forgrunn og bakgrunn verksins í huga
Vika 42-44	Lota 4 RÝMI	Unnið með hugtökin innsetning, rýmisverk, hljóð/ljós-skúlpúr, bæði hugmyndafræðilega og verklega. Nemendur kynna sér listamenn sem vinna með þessa miðla og kynna þá fyrir samnemendum.
Vika 44-48	Lota 5 LOKAVERK	Lokaverkefni frjálst efnisval, má nota aðferðir eða hugmyndafræði listamanna úr rannsóknarverkefni.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Lota 1	Mótun og grunnform	15%	
Lota 2	Mótun og mótagerð	15%	
Lota 3	Veggverk	10%	
Lota 4	Rými og innsetningar	15%	
Lota 5	Lokaverk	20%	
Rannsókn	Rannsókn og kynningar á listamönnum	10%	
Skissubók	Skissur og skráning á ferli	5%	
Framlag	Ástundun, vinnusemi, stundvísi, umgengni	10%	
	Samtals:	100%	

Opið hús og sýning á verkum nemenda er 1. desember. Verk skulu sótt á prófsýningadegi 16. des.

Símar er velkomnir til náms en annars ekki.

Með fyrirvara um breytingar

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils